

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 5. febrúar 2024

Umsögn Landverndar um áform um lagasetningu varðandi raforkuöryggi

Uppgefið úrlausnarefni áformanna er raforkuöryggi almennings og ráðgert að útfæra nánar skyldur aðila á raforkumarkaði.

Í forsögu málsins er nefnt að eftirspurn hafi vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði og að það sé ástæða þess að minna svigrúm sé til að bregðast við áföllum í vinnslu og flutningskerfi raforku.

Eftirspurn eftir endurnýjanlegri raforku hefur alltaf verið meiri en því sem nemur framboði vegna þess að eftirspurnin er óendanleg. Það sem hefur gerst er að of mikil orka hefur verið seld stórnotendum og almenningur á á hættu að verða undir. Úr því verður að bæta með því að slá skjaldborg yfir almenning með uppskiptingu raforkumarkaðsins þar sem almenningur á forgang og fær orkuna á hagstæðara verði.

Með vinsemd og virðingu

F.h. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir